

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Smárin. Reitur A01. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 14. febrúar 2017 breytt deiliskipulag fyrir reit A01 í deiliskipulagi Smárans vestan Reykjanesbrautar. Í breytingunni felst að fjöldi íbúða á reitnum verður 57 í stað 55, fyrirhuguð bygging verður 6 hæðir í stað 7 hæða, 6. hæðin fer að hluta út úr innri byggingarreit og sorp verður í djúpgámum utan lóðar við gangstíg í stað sorpgeymslu í kjallara.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Smárin. Reitur A02 a og b. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 11. apríl 2017 breytt deiliskipulag fyrir reit A02 a og b í deiliskipulagi Smárans vestan Reykjanesbrautar. Í breytingunni felst að fjöldi íbúða á reitnum verður 76 í stað 64, fyrirhuguð bygging verður 6 hæðir í stað 7 hæða, kjallari, 1. hæð og 6. hæðin fara að hluta út úr innri byggingarreit og sorp verður í djúpgámum utan lóðar við gangstíg í stað sorpgeymslu í kjallara.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 15. maí 2017.

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri.